

Samfélagsmiðlar og fjölmiðlar

Samfélagsmiðlar

1. FSÍ býr til myndamöppu á Facebook síðu sambandsins fyrir mótið. Mótshaldari fylgir eftirfarandi skrefum um birtingu mynda;
 - daginn fyrir mót, veitir FSÍ mótshaldara aðgang að Facebook síðu sambandsins.
 - mikilvægt er að allar myndir af mótinu fari inn í sömu möppuna.
 - myndir skulu einungis koma frá þeim sem er með aðgang að síðunni.
2. Í byrjun dags setur mótshaldari inn frétt á Facebook síðuna með eftirfarandi upplýsingum;
 - hvenær allir mótshlutar byrja þann daginn.
 - hlekk á úrslitapjónustu (Sport Event System).
 - með færslunni fylgir mynd af salnum.
3. Í lok móts;
 - setur mótshaldari allar myndir inn í myndamöppu mótsins á Facebook. Öllum myndum er hlaðið inn í einu.
 - sendir mótshaldari vel valdar myndir á mótstjóra FSÍ, sem notaðar verða í frétt á heimasíðu sambandsins. Senda skal myndir í gegnum forritið www.wetransfer.com Leiðbeiningar um notkun þess má finna hér:
 - Í gegnum síma: <https://www.youtube.com/watch?v=iXfXcZ9rijU>
 - Í gegnum tölvu: https://www.youtube.com/watch?v=gzmMsSCKj4E&ab_channel=ilovefreesoftwareTVilovefreesoftwareTV
4. Kynnir mótsins hvetur alla til að;
 - líka við Facebook síðu Fimleikasambands Íslands og að skoða myndir af mótinu þar.
 - fylgja Instagram reikning sambandsins; Fimleikasamband Íslands (icelandic_gymnastics) og merkja myndir sem þau setja á sitt persónulega Instagram með @icelandic_gymnastics. Með því gefa þau Fimleikasambandinu leyfi til að endurbirta myndir á Instagram reikning sambandsins.
5. Vanda skal orðaval og alla framsetningu við upplýsingar sem birtar eru á síðum sambandsins.



Fjölmiðlar

Mótstjóri FSÍ annast samskipti við fjölmiðla í samvinnu með mótshaldara, að undanskildum A-mótum, þá sinnir mótstjóri í samvinnu við skrifstofu FSÍ því hlutverki alfarið. Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að samskiptum við fjölmiðla. Í samskiptum við fjölmiðla, er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Mótshaldari gefur upp tengilið við fjölmiðla á mótinu og tekur á móti fjölmiðlum og leiðbeinir þeim á mótstað.
- Að móti loknu sendir mótshaldari stutta samantekt með úrslitum og myndum á mótstjóra.